

Hugur ættingja og vina vestra er á Íslandi og uppörvandi skilaboð til þjóðarinnar í jólakveðju frá Gimli

# Íslendingar: Þið náðið ykkur aftur á strik



Eftir Steinþór Guðbjartsson  
steinthor@gmail.com

„MIG langar til þess að gera eitthvað fyrir Íslendinga á jólnum.“ sagði Fay Cassidy, kennsluráðgjafi á Gimli, þegar hún frétti af jákvæðum viðbrögðum við fregnum af söfnun vestra til handa íslenskum góðgerðarsamtökum. „Oft þarf ekki mikið til þess að gleðja fólk og ég vil leggja mitt af mörkum til þess að Íslendingar eigi gleðileg jól.“

Fay Cassidy er gift Vestur-Íslendingnum Brent Johnson og eiga þau þrjár dætur. Þau láta íslensk málefni sig mikiu varða og íslenskir krakkar

í Snorraverkefninu hafa til dæmis búið hjá þeim. Henni datt í hug að til að efla sambuginn væri jákvætt að senda sameiginlega uppörvandi jólakveðju frá Gimli og nágrenni til Íslands og boltinn fór að rúlla.

## Kveðjur á myndbandi

Dóttir þeirra, Bryna Johnson, lærir um fjölmiðla í framhaldsskólunum á Gimli og Fay datt í hug að Bryna og Kristjana Olafsson gerðu verkefni um kveðju til Íslendinga. Kennara þeirra fannst það tilvalið og í líðinni viku byrjaði Fay Cassidy og Kristjana Olafsson myndunum á Tehúsi Ömmu á Gimli. Verkefnið hefur vakið athygli.



Fay Cassidy

dreifðu um bæinn. Í kjölfarið tóku þær hús á ýmsum einstaklingum, meðal annars nokkrum „íslenskum“ ömmum, sem hittast á Tehúsi Ömmu á miðvikudögum, og Tammy Axelson, bæjarstjóra og tóku kveðjur þeirra upp á myndband. Ennfremur hafa þær myndað Davíð Gíslason í Árborg fara með ljóð og til stendur að barna- og unglingskór Nýja Íslands syngi jólasöng inn á myndbandi.

Verkefnið hefur vakið nokkra athygli og blaðamaður Interlake Spectator tók meðal annars viðtal við stúlkurnar fyrir helgi auk þess sem sjónvarpsstöðin CTV í Winnipeg hefur boðað komu sína til Gimli í vikunni. Kveðjan verður birt á Facebook undir nafninu Iceland Christmas project. „Með kveðjunni segjum við við Íslendinga: Þið náðið ykkur aftur á strik.“ segir Fay Cassidy.



Ljósmynd/Tammy Evans

Söfnun Elfa Reykdal á basar Íslendingafélagsins í Vancouver í Íslandshúsi.

## Um 1,4 milljónir að vestan til Mæðrastyrksnefndar

SÖFNUN Þjóðræknisfélagsins í Norður-Ameríku til styrktar Íslendingum hefur fallið í góðan jarveg og var fyrsti hluti hennar, 15.000 kanadískir dollarar, um 1,4 milljónir króna, sendur til Mæðrastyrksnefndar fyrir helgi.

Eins og greint var frá á þessum stað fyrir hálfum mánuði ákváð Þjóðræknisfélagið vestra (IN-LoFNA) að hrinda af stað söfnun á meðal deilda þess og annarra til að styrkja þá sem eiga um sárt að binda á Íslandi í kjölfar bankahrinsins í haust. Gerri McDonald, forseti INL, segir að félagsmenn hafi brugðist vel við áttakinu og söfnun til styrktar íslenskum góðgerðarsamtökum verði haldið áfram.

Í áskorun sinni til félagsmanna deildanna sagði Gerri McDonald að

INL myndi leggja jafn mikið fram og deildirnar og þannig tvöfalda söfnunarféð. Þetta fyrirkomulag nýtur vinsælda vestra og má í því sambandi minna á söfnun til styrktar blaðinu Lögbergi-Heimskringlu þar sem Landsbankinn, Gordon Reykdal og Don Johnson lögðu fram jafn mikið og safnaðist á stöstu metrunum 2007.

Deildir INL hafa notað ýmsar uppákomur á aðventunni til þess að minna á ástandið á Íslandi og hafa óskað eftir framlögum í kjölfarið. Ron Goodman, varformaður INL, segir að á jólahátíð Íslendingafélagsins í Calgary (Leif Eiríksson Icelandic Club of Calgary) hafi viðstaddir sýnt málinu mikla vinsemd og á skammri stundu hafi safnast lítiðlega 1.000 dollarar.

steinthor@gmail.com



Ljósmynd/Fay Cassidy

Kveðja Bryna og Kristjana Olafsson mynda ömmurnar í Tehúsi Ömmu á Gimli. Verkefnið hefur vakið athygli.

## Húsnæði óskast til leigu

Fjármál heimilanna ehf. www.spara.is. leita að 60 til 90 fm skrifstofuhúsnæði - 2 lokaðum rúmgóðum skrifstofum og alrými eða 4 skrifstofuhverjum. Húsnæðið þarf að vera mjög snyrtilegt bæði innan dyra sem utan og útbúið öllum nauðsynlegum síma- og nettingum.

Óskastaða væri samnýting á móttöku og símsvörum með öðrum fyrirtækjum í húsinu.

Upplýsingar í síma 868 0049 eða vesteinn@spara.is



## Aðventukaffi

Aðventukaffi fyrir heldri framsóknarmenn verður haldið á afmælisdegi Framsóknarflokksins, á morgun þriðjudaginn 16. desember, á Hverfisgötu 33 og hefist samsætið kl. 16.30.

Dagskráin er fjölbreytt og veitingar verða á boðstólum. Valgerður Sværisdóttir formaður Framsóknarflokksins mun ávarpa gesti, Sigmundur Ernrí Rúnarsson rithöfundur les upp úr bók sinn um Magnu Guðmundsdóttur, séra Kristján Valur Ingólfsson flytur hugvekju, auk þess sem boðið verður upp á tónlist.

Heldri framsóknarmenn eru hvattir til að mæta og eiga góða stund á Hverfisgötunni.



Morgunblaðið/Kristinn

Sígarvegurinn Helgi Ólafsson stórmeistari ígrundar vandlega sinn næsta leik. 58 skákmenn tóku þátt í mótnu.

## Helgi sigraði á Friðriksmóti

FRIÐRIKSMÓT Landsbankans í skák fór fram í aðalútbúi bankans á laugardag. Helgi Ólafsson stórmeistari bar sigur úr býtum, fékk 8,5 vinninga í 11 skákum, en mótið þótti ákaflega spennandi, því forystuskipti urðu undantekningalaust milli umferða. Helgi hafði því heppnina með sér að vera eftstur í lokin. Í 2.-6. sæti með 8 vinninga urðu Jón Viktor Gunnarsson, Arnar Gunnarsson, Jóhann Hjartarson, Stefán Kristjánsson og Bragi Þorfinnsson.

Fríðrik Ólafsson stórmeistari sem mótið er kennt við, átti erfiða byrjun, en varð þó meðal efstu manna með 7 vinninga. Fríðrik teflði í fyrstu umferð við Kristján Örn Elfsson, sem átti jafnframt fimmtugsafmæli. Árni Emilsson útibásstjóri lék fyrsta leikinn og hafði Fríðrik betur.

Lenka Ptácníková fékk kvenna-verðlaun, Hjörvar Steinn Grétarsson unglingsverðlaun, Tómas Björnsson verðlaun skákamanna með 2.200 íslensk skákstig eða minna og Gunnar Freyr Rúnarsson verðlaun skákamanna með 2.000 íslensk skákstig eða minna. Alls tóku 58 skákmenn þátt í mótnu sem haldið var í fimmta skipti en mótið er haldið Fríðriki Ólafssyni til heiðurs.